

Margrét S. Björnsdóttir
formaður framkvæmdastjórnar

Greinargerð til framkvæmdastjórnar 10. janúar 2012

Til framkvæmdastjórnar Samfylkingarinnar hefur verið vísað tillögu um að landsfundur Samfylkingarinnar verði haldinn á vormánuðum 2012.

Reglulegur landsfundur Samfylkingarinnar var haldinn 21. – 23. október sl. Næsta reglulega landsfund flokksins á skv. lögum Samfylkingarinnar að halda árið 2013.

Samkvæmt lögum flokksins er hægt að halda landsfund á árinu 2012 og kjósa til allra embætta að því gefnu að hann sé boðaður með 16 vikna fyrirvara. Þar sem fundurinn félli ekki undir að vera „reglulegur“ landsfundur yrði einnig að halda slíkan fund árið 2013.

Sömu landsfundarfulltrúar árið 2012 og voru 2011

Verði fundurinn haldinn á árinu 2012 er ljóst að aðildarfélög flokksins gætu ekki hleypt nýju fólki eða væntanlegum þingframboðendum að sem landsfundarfulltrúum, nema þeir hafi verið kjörnir fulltrúar á síðasta landsfundi. Þetta er vegna þess að lög flokksins kveða á um að „kjörtímabil fulltrúa er tímabilið milli reglulegra landsfunda og má aðildarfélag ekki kjósa oft en einu sinni á kjörtímabilinu nema fulltrúar þess deyi eða missi kjörgengisskilyrði sín og varafulltrúum er ekki til að dreifa“

MálefnaStarf í aðdraganda landsfundar, 10 vikna fyrirvari á tillögudrögum, stefnuþing kjördæmisráða ofl.

Um landsfundi gildir að tillögur að stefnu (ályktanadrög málefna nefnda) þurfa að berast framkvæmdastjórn 10 vikum fyrir fundinn og sendast til umfjöllunar í aðildarfélögum 8 vikum fyrir fund. Einnig er sú nýjung í lögum flokksins að kjördæmisráðum ber að halda stefnuþing til undirbúnings fyrir landsfundi. Huga þarf vel að tímasetningum þeirra og útfærslu í þessu samhengi. Væri stefnt að fundi síðla vors eða snemmsumars 2012 væri þar með aðeins gefið 6-8 vikna svigrúm fyrir undirbúning að málefnaályktunum sem ætla má að væru grunnur að kosningastefnuskrá í alþingiskosningum meira en ári síðar. Svipað væri raunar uppi yrði landsfundur haldinn haustið 2012. Væri miðað við skilafrest málefnatillagna um miðjan september gæti landsfundur fyrst verið í nóvemberlok (10 vikna fyrirvari). Þetta myndi engu að síður þýða að drög að kosningastefnuskrá flokksins væru unnin a.m.k. 8 mánuðum fyrir kjördag. Meginstarfið í málefna nefndunum þyrfti enn fremur að fara fram að sumarlagi.

Uppstillingar á framboðslista og landsfundur sem upptaktur Alþingiskosninga 2013

Fyrir liggur að næsta vetur verða valdar forystusveitir framboðslista í öllum kjördæmum, en samræmdar reglur um uppstillingar á framboðslista eru í undirbúningi og verða lagðar fyrir flokksstjórnarfund í mars nk. Þar með gæti val á framboðslista vegna kosninga 2013 farið fram á tímabilinu október-nóvember 2012 (og var á þeim tíma fyrir þingkosningar 2007). Færa má rök fyrir því að æskilegt sé að sú málefnalega deigla sem fylgt getur vali á framboðslista nýtist málefnaumræðu í aðdraganda landsfundar og sé því æskilegt að framboðslistar liggi fyrir á landsfundi á kosningarári. Eins og áður segir er næsti reglulegi landsfundur Samfylkingarinnar 2013 og skal boða hann með a.m.k. 16 vikna fyrirvara. Með hliðsjón af tímasetningu alþingiskosninga vorið 2013 er eðlilegt að sá fundur fari fram í upphafi árs 2013. Á landsfundi í byrjun árs 2013 yrði einnig gengið frá kosningastefnuskrá.

Starfs- og fjárhagsáætlun framkvæmdastjórnar

Framkvæmdastjórn fjallaði um starfs- og fjárhagsáætlun ársins 2012 á síðasta fundi framkvæmdastjórnarinnar 2011. Þar var ekki gert ráð fyrir landsfundi árið 2012 heldur öflugu pólitísku starfi með röð pólitískra málefna funda um land allt og fjórum flokksstjórnarfundum, tveimur að vori og

tveimur að hausti. Á fyrsta flokksstjórnarfundum ársins er ráðgert að kjósa forystu fyrir málefnanefndir flokksins, í samræmi við lög. Þær myndu starfa fram að næsta landsfundum.

Komi til landsfundar á árinu 2012 mun það væntanlega hafa um 12 – 14 milljónir kr. kostnaðarauka í för með sér á árinu, sem einnig yrði á árinu 2013 þar sem það er reglulegt landsfundarár.

Verkefni Samfylkingarinnar 2012

Landsfundurinn sem haldinn var í lok október sl. fól framkvæmdastjórn flokksins fjölda verkefna, auk þeirra sem nýsamþykkt lög flokksins kveða á um. Flokksstjórnarfundurinn sem afgreiddi tillögur umbótanefndar sl. haust fól framkvæmdastjórn sömuleiðis mörg mikilvæg verkefni, m.a. verkefni um styrkingu og uppbyggingu aðildarfélaganna flokksins. Framkvæmdastjórn hefur í fjárhagsáætlun ársins gert ráð fyrir a.m.k. fjórum flokksstjórnarfundum á árinu. Á flokksstjórnarfundinum þann 28. janúar mun framkvæmdastjórn í samráði við þingflokk Samfylkingarinnar og landssamtök flokksins kynna verkefna- og fundaáætlun næstu fimmtán mánaða, eða fram að næstu alþingiskosningum.

Niðurstaða

Í ljósi þess að ítarlega undirbúinn og málefnalega kröftugur landsfundur Samfylkingarinnar er nýafstaðinn, þeirra sjónarmiða sem hér hafa verið reifuð og með hliðsjón af þeim mikilvægu verkefnum sem bíða flokksins á árinu 2012 - og síðast en ekki síst vegna þess að markmið næsta landsfundar er að hann nýtist sem best til undirbúnings í aðdraganda kosninga vorið 2013, er ekki mælt með því að fyrirbyggjandi tillaga um að halda landsfund vorið 2012 verði samþykkt á flokksstjórnarfundinum 28. janúar nk.